

Málsnr.: 21080143  
Skjalasafn Ráðhúss  
24. ágú. 2021  
Bréfalykill: 35810

Dr. Vilborg Auður Ísleifsdóttir  
Vitastíg 20  
101 Reykjavík  
Símar: 5516156, 8475556

19.08.2021

Borgarráð Reykjavíkur  
Ráðhúsinu í Tjörninni  
Reykjavík

Til borgarráðs Reykjavíkur,

sund er mikil heilsulind, einkum fyrir eldra fólk af báðum og öllum kynjum. Hefur það verið duglegt að notfæra sér þá aðstöðu Sundhallar Reykjavíkur, sem hefur verið almenn sátt um og hin mesta ánægja með. Eftir stækkun Sundhallarinnar og byggingu nýrra búnings- og sturtuklefa fyrir konur, „fjósíð“ svonefnda, hefur ríkt ófremdarástand í meðal kvenkyns sundgesta, þar sem þeim er gert að fara út og ganga ca 25 metra til þess að komast inn í gömlu Sundhöllina, þar sem eru notalegir og skjólgóðir heitir pottar og innilaugin. Þetta er að vetrarlagi mikil raun og heilsuspillandi. Margar eldri konur eru hættaðar að fara í sund af þessum ástæðum, enda hefur konum verið sýnd mikil lítilsvirðing í þessu máli. Þetta ástand er grafalvarlegt frá lýðheilsusjónarmiði, þar sem stefnt er að að hver einstaklingur haldi sem lengst sinni líkamsfærni. Ég sendi þér bréf mitt til landlæknis ásamt fylgiskjölum í þeirri von að, Landlæknisembættið, Heilbrigðisráðuneytið, Borgarstjóraembættið, Borgarráð, Félag eldri borgara, Jafnréttisstofa, Íþróttá og tólmstundaráð Reykjavíkurborgar og Sundhallarstjóri geti beitt áhrifum sínum til þess að konur fái aftur sína gömlu klefa.

Virðingarfyllt

*Dr. Vilborg Auður Ísleifsdóttir*

Óskað er eftir staðfestingu á móttöku þessa erindis

Dr. Vilborg Auður Ísleifsdóttir  
Vítastíg 20  
101 Reykjavík  
Símar: 5516156 og 8475556

Embætti landlæknis  
Dr. Alma Möller landlæknir

Reykjavík 18.08.2021

Ágæta Alma,

Ég sný mér til þín og embættis þíns vegna þess ófremdarástands, sem ríkir í Sundhöll Reykjavíkur vegna ófullnægjandi nýbyggingar á búnings- og sturtuklefum kvenna. Landlæknisembættið hafði áður forgöngu um byggingu sundstað í Reykjavík til þess að efla heilsufarástand og hreinlæti meðal Reykvíkinga. Má þar minna á brautryðjendastarf Guðmundar Hannessonar landlæknis. Sundhöllin hefur verið stækkuð og ný búnings- og sturtuadstaða fyrir konur, hefur verið byggð, sem stendur gömlu klefunum í kjallara gömlu Sundhallarinnar langt að baki og gengur nú undir nafninu „fjós“. Jafnframt fengu konur þær upplýsingar að þær mynda aftur frá aðgang að sinni gömlu aðstöðu að framkvæmdum loknum. Ekki bólar enn á efdum þess fyrirheits, enda stendur í umsögn Mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráð Reykjavíkurborga: *Þegar búið er að gera upp gamla klefann er hann fyrst og fremst hugsaður sem viðbót ... Hann er ekki eyrnamerkur konum eða körlum, heldur fer eftir aðsókn hvernig hann er nýttur. Svo mörg voru þau orð.*

Á auglýsingaskilti við Sundhöllina er mynd af glaðbeittu sundfólki og þar stendur: „Fyrir líkama og sál. Frábær hreyfing og líkamsrækt fyrir öll aldursskeið“. Þetta er rétt, en erfitt er fyrir eldri konur og skólastúlkur að iðka þessa líkamrækt nema að sumarlagi. Þær þurfa nefnilega að ganga frá nýju búnings- og sturtuklefum sínum 20 – 25 metra til þess að komast inn í hráslagalegt stigahús, sem liggur að innilauginni. Þetta er ekki raunhæft í frosthörkum á vetrum – þetta er beinlínis heilsuspillandi. Mörgum konum er mjög misboðið með þessu fyrirkomulagi, þykir sér sýnd lítilsvirðing og eru því hættar að mæta á sinn gamla sundstað. Ástand mála rek ég í hjálagðri grein, sem ég fékk birta í Morgunblaðinu í mars síðastliðinum.

Ég hef tvívegis skrifað Sundhallarstjóra bréf um þetta efni og einnig bréf til Borgarstjórnar, en þeim hefur ekki verið svarað. Engu að síður fór ég ásamt annarri áhugakonu um Sundhöllina, Eddu Ólafsdóttur, mánudaginn þann 16. ágúst og fengum við að ræða við Drifu Magnúsdóttur, Sundhallarstjóra. Hún er ný í starfi og virtist ekki þekkja málefni Sundhallarinnar vel, en upplýsti að Íþróttá og tómsstundaráð Reykjavíkur hefði lögsögu yfir sundstöðum borgarinnar. Hún hefði þar engin völd í þessu máli, en sagði að ekki væri búið að taka ákvörðun um framtíðarnotkun gömlu kvennakleffanna. Loforðið til kvenþjóðarinnar var sum sé innistæðulaust orðagjálfur. Aðspurð um gang framkvæmda vafðist henni tunga um tönn.

Nú er það svo að Íþróttá og tómsstundaráð Reykjavíkur ber hag kvenna, einkanlega eldri kvenna og skólastelpna, ekki fyrir brjósti. Hins vegar kynnu ýmis sérsundfélög t.d. kafarar, sem æfa þarna, að hafa áhuga á þessri aðstöðu. Þetta hefur kvisast út, en yfir þessu máli hvílir mikil leynd: Gagnsæi er ekkert. Við konur óttumst að við stöndum að lokum frammi fyrir orðnum hlut. Í umsögn Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs er lítið gert úr tillögum *Flokks fólksins*, sem beitti sér fyrir umbótum í þessu vandræðamáli, og bar ráðið fyrir sig umhyggju fyrir fötluðu fólki, kynsegin fólki, intersex fólk og börnum, sem þarfnast aðstoðar. Þessar tillögur ráðsins læt ég fylgja með.

Tillitssemi við minnihlutahópa er lofsverð, en það er ótækt að gera það á kostnað kvenna og skólastúlkna, sem þessir klefar voru upprunalega gerðir fyrir. Ein lausn er til á þessu máli og er hún sú að konur fái aftur sína gömlu klefa. Í nýju klefunum myndast þá svigrúm til að að sinna fötluðum og öðru fólki með sérþarfir.

Það er ekki rétt að konur hafi verið óánægðar með sína gömlu aðstöðu. Þvert á móti voru þær hæst ánægðar með hana og óska einskis frekar en að fá hana aftur.

Ég fer fram á það við Landlæknisembættið að það beiti áhrifum sínum til að konur frá aftur klefa sína í Sundhöll Reykjavíkur, því núverandi ástand er heilsuspillandi og hindrar það að eldri konur og skólatelpur geti sótt innlaug Sundhallarinnar að vetralagi. Frá lýðheilsusjónarmiði er þetta fyrirkomulag ekki verjandi. Það er í hæsta máta óeðlilegt að Íþróttá og Tómsundaráð hafi úrslitavald í máli sem varðar heilsuþætti og sundiðkun kvenna og skólastúlkna, sem sé lýðheilsuþætti.

Virðingarfyllt

Hjálögð fylgiskjöl

1. Umsögn mannréttinda- ; nýsköpunar- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar
2. Rósa Margrét Tryggvadóttir, grein í Morgunblaðinu 20.9. 2019, „Framkvæmdir við klefann í bígerð. Lagfæringar hefjast á næsta ári“.
3. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, grein í Morgunblaði 12. Mars 2021, „Nokkur orð um Sundhöllina“.
4. Edda Ólafsdóttir. Grein í Morgunblaði, 19.09.2019 „Konum úthýst úr Sundhöll Reykjavíkur“.
5. Edda Ólafsdóttir. Grein í Morgunblaði, 18.09.2020 „ Enn um Sundhöllina“.
6. Viðtal við Sigurð Víðisson Sundahallarstjóra, Morgunblaðið, 13.04.2019. Karlar verða sendir í kvennaklefa í Sundhöll Reykjavíkur. Loka karlaklefa vegna viðhlds. Fastagestum brugðið“.
7. Kolbrún Baldursdóttir. Grein í Morgunblaði 28. 9. 2020. Kvenbúningsklefar Sundhallarinnar hönnunarmistök?

Afrit af bréfi þessu og fylgiskjöllum hefur verið sent eftirtöldum stofnunum: Heilbrigðisráðuneytinu, Svandísi Svarasdóttur. Borgarstjóra, Degi Eggertsyni, Jafnréttisstofu, Katrínu Björg Rikharðsdóttu, Forstjórar Sunshallarinnar, Drífu Magnúsdóttur, Íþróttá og Tómsundaráði Reykjavíkurborgar og Félagi eldri borgara. Einnig verður haft samband við Minnjavernd.

Óskað er eftir að fá staðfestingu á móttökum þessa erindis.





Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

**Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um tillögu flokks fólksins um endurgerð  
kvennaklefa í sundhöll Reykjavíkur**

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 12. mars s.l. var lögð fram svohljóðandi tillaga flokks fólksins:

Flokkur fólksins leggur til að mannréttinda, lýðræðis- og nýsköpunarráð skoði hvort farið hafi verið á svig við stefnu borgarinnar í jafnréttismálum og jafnréttisreglur mögulega brotnar við endurgerð búningsklefa Sundhallar Reykjavíkur. Konum hefur verið úthýst úr klefum sínum á meðan á viðgerð stóð og einnig til frambúðar en körlum ekki. Karlar fengu eldri kvennaklefanna til afnota á meðan viðgerð stóð yfir á karlaklefunum og fá áfram aðgang að eldri klefunum til frambúðar. Ekki lítur út fyrir að konur fái aðgang að gömlu klefunum aftur þegar endurgerð er lokið sem verður á þessu ári. Margar konur hafa lýst óánægju sinni með þá ákvörðun borgaryfirvalda að henda þeim úr sínum gömlu klefum á meðan karlar hafa áfram aðgang að sínum. Konum hefur verið vísað í nýbyggingu. Mörgum þeirra finnst staðsetning búningsklefa þar bagaleg þar sem þær verða að ganga langa leið utandyra, í blautum sundfötum til að komast frá klefa í laugina. Í lagi var að þola ástandið um tíma meðan á viðgerð kvennaklefa stæði en sá tími er að verða liðinn. Körlum hefur hins vegar ekki verið vísað úr eldri byggingunni ekki heldur meðan á endurgerð stóð.

Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu er svohljóðandi:

Sundhöll Reykjavíkur var tekin í notkun árið 1937. Búningsklefar kvenna voru í kjallara Sundhallarinnar á þeim tíma og var helmingur af stærð búningsklefa karla. Konur sendu í gegnum tíðina inn fjölmargar kvartanir vegna aðgengis að búningsklefunum. Þær þurftu að fara niður þröngar tröppur og síðan upp þröngar og brattar tröppur til að komast í laugina. Engin lyfta var í húsinu. Enginn möguleiki var fyrir fatlaðar konur að nota klefann.

Þegar ákveðið var að fara í samkeppni um nýja útilaug við Sundhöll Reykjavíkur ásamt viðbyggingu og nýju anddyri var það forgangsmál að bæta aðgengi að kvennaklefum. Í breytingunum var byggður nýr búningsklefi fyrir konur og sett lyfta í sundhöllina. Í gamla kvennaklefanum voru sturtarnar sjö en eru níu í þeim nýja. Einnig má benda á að aðgengi fyrir öll kyn var bætt og eru tveir sérklefar í viðbyggingunni sem nýtast m.a. főtluðu fólki, kynsegin fólki, intersex fólki, forsjáradílum með börn sem þarfnast aðstoðar og eru af öðru kyni en forsjáradílar og fólki með heilsufarsvandamál.

fyrir 7 skurður, 2 bætt að. → meiri þröngd



Það var ekki verið að úthýsa konum úr gamla klefanum heldur var byggður nýr kvennaklefi sem stenst allar kröfur um aðgengi og annan búnað.

*var e-tí að þeim? endurbýggja?*

2020

Ætlunin er að endurbýggja gamla búningaklefa kvenna og samkvæmt upplýsingum frá USK er áætlað að endurbýggingunni ljúki á þessu ári. Þegar búið verður að gera upp gamla klefann er hann fyrst og fremst hugsaður sem viðbót þegar aðsókn er mikil eins og t.d. á veturna þegar börn eru í skólasundi. Hann er ekki eyrnamerkur konum eða körlum, heldur fer eftir aðsókn hvernig hann er nýttur.

Gamli búningaklefi karla var endurnýjaður þegar Sundhöllin var lagfærð og endurbýggð, karlarnir nota þann klefa áfram.

Aðgangstölur fyrir Sundhöll Reykjavíkur 2009 til og með 2019										
2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
125.011	143.594	137.415	145.332	156.043	156.892	145.095	119.758	82.846	347.583	347.629

Sundhöllin opnaði eftir breytingar í desember 2017. Gestakomum fjölga verulega eftir breytingar og eru 227.871 fleiri á síðasta ári, 2019, en árið 2016 (breytingarnar eiga sér stað 2017 og því er ekki gott að nota það ár til samanburðar). Ekki eru til kyngreindar tölur um aðgang eftir breytingarnar en það væru mikilvægar upplýsingar til að meta stöðuna en samkvæmt upplýsingum frá ÍTR eru til kyngreindar tölur fyrir árið 2011.

Samkvæmt mannréttindastefnu borgarinnar, grein 2.3.1, eiga konur og karlar, sem og fólk af öðrum kynjum og fólk sem ekki skilgreinir kyn sitt, jafnan aðgang að þjónustu borgarinnar. Í grein 4.3.2 segir jafnframt að þegar þjónusta er skipulögð, að hún taki mið af þörfum ólíkra hópa fatlaðs fólks af öllum kynjum. Opinberar byggingar eiga að vera aðgengilegar fyrir alla, óháð fötlun, sbr. lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

Fyrir breytingarnar nutu konur ekki sömu þjónustu og karlar í Sundhöll Reykjavíkur og fatlaðir ekki sömu þjónustu og ófatlaðir. Aðstaða fyrir konur var lélegri en fyrir karla og líkamlega fatlað fólk átti þess ekki kost að fara í laugina. Til að færa þetta til betra horfs þurfti endurbætur og í þær var ráðist samhliða byggingu útisundlaugar. Það er ekki hægt að sjá annað en að Sundhöll Reykjavíkur uppfylli, eftir breytingar, mannréttindastefnu borgarinnar bæði með tilliti til kynjajafnréttis og réttar fatlaðs fólks til þjónustu. Ekki er tekin afstaða til þess hvernig staðið var að skipulagi á meðan breytingarnar stóðu yfir þ.e. hvort karlar hafi haft meira aðgengi að lauginni en konur á þeim tíma.

Virðingarfyllt

Anna Kristinsdóttir  
mannréttindastjóri

## Samantekt á málum Flokks fólksins vegna kvenbúningsklefa Sundhallar Reykjavíkur

Úr Fréttablaðinu:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar telur að Sundhöll Reykjavíkur uppfylli kröfur mannréttindastefnu borgarinnar. Flokkur fólksins óskaði eftir því að kannað yrði hvort reglur um jafnrétti hafi jafnvel verið brotnar við endurgerð búningsklefa Sundhallarinnar.

Í svari mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu kemur fram að um árabíl hafi borist fjölmargar kvartanir frá konum vegna búningsklefanna.

Fréttablaðið/Anton Brink

**Kristinn Haukur Guðnason**

Föstudagur 15. maí 2020

Kl. 21.33

### Auglýsing

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar telur að Sundhöll Reykjavíkur uppfylli kröfur mannréttindastefnu borgarinnar, bæði með tilliti til kynjajafnréttis og réttar fatlaðs fólks til þjónustu. Þetta kemur fram í skriflegu svari frá skrifstofunni við fyrirspurn Flokks fólksins sem óskaði eftir því að kannað yrði hvort að farið hefði verið á svig við stefnu borgarinnar í jafnréttismálum og reglur um jafnrétti jafnvel brotnar við endurgerð búningsklefa Sundhallarinnar.

Samkvæmt fyrirspurninni var konum úthýst úr eldri klefum sínum til frambúðar á meðal karlarnir fengu afnot af gamla kvennaklefanum á meðan endurbætur stóðu yfir á karlaklefanum. Þá kemur fram í fyrirspurninni að margar konur hafi lýst yfir óánægju sinni með þessar aðgerðir vegna staðsetningar búningsklefans. Til að komast í innilaugina þurfi að ganga langa leið utandyra í blautum sundfötum sem geti reynst eldri konum erfitt sem og fötluðum. Þá sé engin lausn að leyfa konum að ganga í gegnum gamla kvennaklefan eftir að hafa notast við nýja klefan.

Í svari mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu kemur fram að um árabíl hafi borist fjölmargar kvartanir frá konum vegna búningsklefanna. Tvisvar hafi þurft að notast við þröngar og brattar tröppur til að komast á leiðarenda og var engin



lyfta í boði. Því hafi bætt aðgengi verið í forgangi þegar kom að endurbættum Sundhallarinnar. Það hafi ekki verið ætlunin að úthýsa konum úr gömlu klefunum heldur að byggja nýjan sem uppfylli allar kröfur um aðgengi.

*aðgengi að laug?*

Áætlað er að yfirstandandi endurbætur á gamla kvennaklefanum ljúki á þessu ári og verður hann þá nýttur til viðbótar þegar aðsóknin er slík, meðal annars þegar börn koma í skólasund. Hann er því ekki eyrnamerkur körlum né konum heldur til notkunar eftir aðsókn.

Það er því niðurstaða Reykjavíkurborgar að Sundhöllin í núverandi mynd standist kröfur borgarinnar um kynjajafnrétti og rétt fatlaðs fólks til þjónustu í opinberri byggingu. Áður fyrr var aðstaða fyrir konur var lélegri en fyrir karla og líkamlega fatlað fólk átti þess ekki kost að fara í laugina en ráðist var í endurbætur til að kippa því í lag.

---

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 9. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs frá 14. maí og 8. lið fundargerðar skóla- og frístundaráðs:

Það eru sterkar líkur á að brotið hafi verið gegn jafnrétti- og aðgengismálum þegar konum/stúlkum var úthýst úr kvennaklefa Sundhallarinnar og settar í klefa nýbyggingar þar sem þær þurfa að ganga í blautum sundfötum langa leið utandyra frá klefa í laug. Karlar héldu sínum. Hér er auk þess um lýðheilsumál að ræða. Tugir kvartana um þetta eru í Maskínu. Konur eiga að sjálfsgöðu að fá aftur fullan aðgang að endurgerðum kvennaklefa. Skóla- og frístundaráð: Meirihlutinn lagði fram breytingatillögu við tillögu Flokks fólksins um að „Að kerfisbundið verði farið yfir viðbrögð grunnskóla gagnvart einelti“ sem er orðrétt eins nema örlítið stytta og gerði þar með tillögunu að sinni. Hér hefði verið lag til einingar og samvinnu og einfaldast að samþykkja tillögu Flokks fólksins. Vel hefði mátt skerpa á henni í framhaldinu. Í það minnsta hefði mátt bjóða Flokki fólksins að vera með í breytingartillögunni sem væri þá lögð fram í nafni allra. Í borgarráði lagði Flokkur fólksins fram tillögu um að breyta verklagi á meðferð og afgreiðslu tillagna frá minnihluta til að koma í veg fyrir höfnun tillagna minnihlutans sem síðan eru lagðar fram í nafni meirihlutans eingöngu. Sú tillaga var felld. Vilji til að breyta þessu úrelta verklagi er því lítill hjá meirihlutanum

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:



Niðurstaða skoðunar á því hvort endurgerð á Sundhöll Reykjavíkur sé í samræmi við stefnu borgarinnar í jafnréttis- og aðgengismálum er sú að breytingarnar uppfylli stefnu borgarinnar í jafnréttis- og aðgengismálum. Nú hafa fatlaðar konur meðal annars mun betra aðgengi að kvennaklefanum en áður.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi gagnbókun:

Í fundargerð mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráðs frá 11. maí kemur skýrt fram að gera á skoðun á því hvort endurgerð á Sundhöll Reykjavíkur sé í samræmi við stefnu borgarinnar í jafnréttis- og aðgengismálum og fagnar Flokkur fólksins því. Viðurkennist þó að umsögn mannréttindastjóra er mjög neikvæð og ekki í samræmi við þá breytingatillögu sem hér er lögð fram af meirihlutanum við tillögu Flokks fólksins, þ.e. að gera eigi skoðun á því hvort endurgerð á Sundhöll Reykjavíkur sé í samræmi við stefnu borgarinnar í jafnréttis- og aðgengismálum. Flokkur fólksins og fjöldi kvenna og foreldra stúlkna bíða nú spenntar eftir niðurstöðu skoðunar enda margir afar ósáttir við með hvaða hætti kvenfólk hefur verið úthýst úr búningasklefum Sundhallarinnar og þurfa nú að ganga langa leið í blautum sundfötum frá klefa í laug Sundhallar auk þess sem mikil þrengsl eru á sturtusvæði kvenna. Vísað er í fundargerð frá 11. maí þar sem breytingartillagan er birt með skýrum hætti. „Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs: Lagt er til að mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð samþykki að láta fara fram skoðun á því hvort endurgerð á Sundhöll Reykjavíkur sé í samræmi við stefnu borgarinnar í jafnréttis- og aðgengismálum. Breytingartillagan er samþykkt samhljóða. Tillagan samþykkt svo breytt.“

Lögð fram að nýju tillaga Flokks fólksins, sbr. 12. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs frá 12. mars 2020, um endurgerð kvennaklefa í Sundhöll Reykjavíkur, ásamt umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 11. maí s.l. R20030140

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs:

Lagt er til að mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð samþykki að láta fara fram skoðun á því hvort endurgerð á Sundhöll Reykjavíkur sé í samræmi við stefnu borgarinnar í jafnréttis- og aðgengismálum.

7

Breytingartillagan er samþykkt samhljóða.

Tillagan samþykkt svo breytt.



Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð leggur fram svohljóðandi bókun  
Samþykkt er að mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráð láti fara fram  
skoðun á því hvort endurgerð á Sundhöll Reykjavíkur sé í samræmi við stefnu  
borgarinnar í jafnréttis- og aðgengismálum. Samhliða er niðurstaða skoðunar  
lögð fram.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins hvarmar það að við hönnun nýbyggingarinnar við Sundhöllin að  
ekki hafið verið skoðað nægjanlega vel möguleikar og þarfir sundlaugargesta og  
þá sérstaklega kvenfólks. Sundhöllin er innilaug og líklega heimsækir hópur  
gesta hana þess vegna, vilja líklega losna undan erfiðri íslenskri veðráttu.  
Borgarfulltrúi kynnti sér aðstæður og rætt við starfsfólk Sundhallarinnar og við  
þá skoðun virðist um skipulags annmarka að ræða. Erfitt er að skilja hvers  
vegna kvennaklefinn er staðsettur fjarri innilauginni og að ekki sé innangengt  
fyrir konur að komast í gömlu sundlauginu nema að fara út og ganga þó  
nokkurn spöl. Það hefur reynst eldir konum og fötluðum erfitt, einnig telpum  
sem mæta í sundkennslu. Foreldrar hafa kvartað yfir þessu. Málið hefur verið  
leyst til bráðabirgða með að leyfa konum að ganga í gegnum gamla  
kvennaklefan, nokkuð löng leið og miður æskileg fyrir ung börn. Flokkur  
fólksins hvetur til að málið verði skoðað af alvöru og fundin lausn á þessum  
tilbúna vanda. Hvetur jafnframt að hlustað verði á starfsfólkið sjálft sem þegar  
hefur ágætis lausn á vandanum.

Halldóra Gunnarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með  
fjarfundarbúnaði.

Fylgigögn

-  **Tillaga Flokks fólksins um endurgerð kvennaklefa í Sundhöll  
Reykjavíkur**
-  **Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu**

**14. maí 2020**

Tillaga Flokks fólksins að gera eigi skoðun á því hvort endurgerð á Sundhöll Reykjavíkur sé í samræmi við stefnu borgarinnar í jafnréttis- og aðgengismálum.

Lögð fram að nýju tillaga Flokks fólksins, sbr. 12. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs frá 12. mars 2020, um endurgerð kvennaklefa í Sundhöll Reykjavíkur, ásamt umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 11. maí s.l. R20030140

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs:

Lagt er til að mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð samþykki að láta fara fram skoðun á því hvort endurgerð á Sundhöll Reykjavíkur sé í samræmi við stefnu borgarinnar í jafnréttis- og aðgengismálum.

**Breytingartillagan er samþykkt samhljóða.**

Tillagan samþykkt svo breytt.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð leggur fram svohljóðandi bókun  
Samþykkt er að mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráð láti fara fram skoðun á því hvort endurgerð á Sundhöll Reykjavíkur sé í samræmi við stefnu borgarinnar í jafnréttis- og aðgengismálum. Samhliða er niðurstaða skoðunar lögð fram.

**Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:**

Flokkur fólksins harmar það að við hönnun nýbyggingarinnar við Sundhöllin að ekki hafið verið skoðað nægjanlega vel möguleikar og þarfir sundlaugargesta og þá sérstaklega kvenfólks. Sundhöllin er innlaug og líklega heimsækir hópur gesta hana þess vegna, vilja líklega losna undan erfiðri íslenski veðráttu. Borgarfulltrúi kynnti sér aðstæður og rætt við starfsfólk Sundhallarinnar og við þá skoðun virðist um skipulags annmarka að ræða. Erfitt er að skilja hvers



vegna kvennaklefinn er staðsettur fjarri innilauginni og að ekki sé innangengt fyrir konur að komast í gömlu sundlauginna nema að fara út og ganga þó nokkurn spöl. Það hefur reynst eldri konum og fötluðum erfitt, einnig telpum sem mæta í sundkennslu. Foreldrar hafa kvartað yfir þessu. Málið hefur verið leyst til bráðabirgða með að leyfa konum að ganga í gegnum gamla kvennaklefann, nokkuð löng leið og miður æskileg fyrir ung börn. Flokkur fólksins hvetur til að málið verði skoðað af alvöru og fundin lausn á þessum tilbúna vanda. Hvetur jafnframt að hlustað verði á starfsfólkið sjálft sem þegar hefur ágætis lausn á vandanum.

---

### **Mannréttinda- lýðræðis- og nýsköpunarráð**

**12. mars 2020**

Tillaga Flokks fólksins um að mannréttinda, lýðræðis- og nýsköpunarráð skoði hvort farið hafi verið á svig við stefnu borgarinnar í jafnréttismálum og jafnréttisreglur mögulega brotnar við endurgerð búningsklefa Sundhallar Reykjavíkur

Flokkur fólksins leggur til að mannréttinda, lýðræðis- og nýsköpunarráð skoði hvort farið hafi verið á svig við stefnu borgarinnar í jafnréttismálum og jafnréttisreglur mögulega brotnar við endurgerð búningsklefa Sundhallar Reykjavíkur. Konum hefur verið úthýst úr klefum sínum á meðan á viðgerð stóð og einnig til frambúðar en körlum ekki. Karlar fengu eldri kvennakleffanna til afnota á meðan viðgerð stóð yfir á karlaklefunum og fá áfram aðgang að eldri klefunum til frambúðar. Ekki lítur út fyrir að konur fái aðgang að gömlu klefunum aftur þegar endurgerð er lokið sem verður á þessu ári. Margar konur hafa lýst óánægju sinni með þá ákvörðun borgaryfirvalda að henda þeim úr sínum gömlu klefum á meðan karlar hafa áfram aðgang að sínum. Konum hefur

7

verið vísað í nýbyggingu. Mörgum þeirra finnst staðsetning búningaklefa þar bagaleg þar sem þær verða að ganga langa leið utandyra, í blautum sundfötum til að komast frá klefa í laugina. Í lagi var að þola ástandið um tíma meðan á viðgerð kvennaklefa stæði en sá tími er að verða liðinn. Körlum hefur hins vegar ekki verið vísað úr eldri byggingunni ekki heldur meðan á endurgerð stóð.

Frestað.

### Skipulags- og samgönguráð

11. mars 2020

### Fyrirspurnir áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, vegna búningaklefa Sundhallarinnar.

Mál nr. US200074

2

Sundhöll Reykjavíkur hefur verið í endurgerð og endurbyggingu og var nýr kvennaklefi byggður vegna þess að sá eldri þótt ekki viðunandi. Mörgum kvengestum Sundhallarinnar finnst staðsetning nýrra búningaklefa bagaleg þar sem ganga þarf frá klefum langa leið utandyra til að komast inn í Sundhöllina. Karlar hafa nú fengið klefa sína aftur endurgerða. Klefar kvenna eru enn í endurbyggingu sem lýkur á þessu ári en munu ekki vera ætlaðir konum til frambúðar heldur viðbót ef með þarf. Margir kvengestir vilja fá aftur aðgang að eldri búningaklefum þegar endurbótum þeirra er lokið. Þær sætta sig ekki við að hafa verið úthýst og að þurfa að ganga langar leiðir á blautum sundfötum, frá klefa að laug. Það stóð aldrei annað til en að karlar fengju sína gömlu klefa aftur. Flokkur fólksins veltir einnig fyrir sér hvort jafnréttisjónarmið kunní að hafa verið fótum troðið hér og hvort farið hafi verið á sveig við jafnréttislög? Fulltrúi Flokks Fólksins óskar eftir skýringu, af hverju kvennabúningaklefinn í Sundhöll Reykjavíkur var tekinn af konunum bæði á meðan klefarnir voru endurgerðir, en einnig til frambúðar? Af hverju konum var vísað úr sínum gömlu klefum en ekki körlum? Hvað hindrar það að konur fái aftur aðgang að klefunum, tilbúnum?

2020



# Kvenbúningsklefar Sundhallarinnar hönnunarmistöð?

## Eftir Kolbrúnu Baldursdóttur



borgarinnar:

- Er óánægð með aðstöðu-una í kvennaklefanum, allt of fáar sturtur og vantar meira eftirlit og aðhald við erlenda ferðamenn sem nota sundlaugarnar þ.e. að sjá til þess að þeir fari sturtu fyrir sundferðina.
- Aðgengi að innlaug sundhallarinnar fyrir kvenfólk er fáránægð og búningsklefar/skápjar mættu vera fleiri. Vona að þetta verði lagað.
- Fjölgja sturtum í nýrri aðstöðu kvenna í Sundhöllinni. Sjó sturtur fyrir 100 skápa er mjög lítið.
- Nú þarf að fara frá innlaug, yfir útsvæði og inn í kvennaklefan, þetta er allt of löng leið fyrir litlar stelpur og margar fullorðnar konur.
- Fleiri sturtur í kvennaklefan í Sundhöllinni.
- Kvennaklefan í Sundhöllinni er of lítil.
- Glötuð tenging með ómunlegum stíga milli gömlu og nýju konur.
- Óna gömlu búningsklefana fyrir Of fáir klefar.
- Búningsaðstaða kvenna mjög léleg. Allt of fáar sturtur.
- Óna gamla kvennaklefan í Sundhöllinni aftur. Það er allt of þröngt niðri og veitur ekki af meira rými. Eins er allt of langt að fara með lítil börn úr nýja höllunum og inn í litlu innlauginna. Hálförngumítt að maður þurfi að ganga langa leið úti til að komast í innlaug.

## Kolbrún Baldursdóttir

Fjöldi kvennaungu gestá hefur tjáð óánægju sína með fyrirkomulag búningsklefa í Sundhöll Reykjavíkur eftir endurgerð hennar. Við endurgerðina var nýr kvennaklefi byggður vegna þess að sé eldri þótti ekki viðunandi. Morgun kvengestum Sundhallarinnar finnst staðsetning nýrra búningsklefa bagaleg þar sem ganga þarf frá klefum þó nokkurn spól utandyra til að komast inn í sjálfa Sundhöllina. Karlar hafa nú fengið gömlu klefana sína aftur endurgerða. Endurgerð gömlu kvennaklefananna hefur tafast en þeim átti að ljúka á síðasta ári. Þegar endurgerð lýkur verða þeir aðeins notaðir til vara t.d. þegar aðsókn er mikil. Það eru ekki allir sáttir við þessa ákvörðun borgaryfirvalda. Kvenfólk er ætlað að ganga drjúgan spól á blautum sundfötum til að komast frá klefa í innlaug. Hér er um lýðheilsumál að ræða enda oft slæmt veður. Kvartanir eru einnig vegna þrengsla á nýju sturtusvæði kvenna og að sturtur séu allt of fáar miðað við skápa fjölda.

Sjá má tugi ábendinga og kvartana í þjónumstakönnun Maskinu á tímabilinu nóvember 2018 til janúar 2019. Hér er brot af þeim, sem er m.a. ástæða þess að fulltrúi Flokks fólksins óskaði eftir að mannréttindas- lýðræðis- og nýsköpunarráð skóðaði málið út frá jafnréttis- og aðgengisreglum

## » Kvenfólk er ætlað að ganga drjúgan spól á blautum sundfötum til að komast frá klefa í innlaug. Hér er um lýðheilsumál að ræða enda oft slæmt veður.

- Sakna gömlu kvennaklefananna, lencdi mjög þhulega í biðvöð í sturtumni... og svo er bara sjárinum við gömlu klefana svo mikill og gerir upplifunina skemmtilegri fyrir vikjó. Líka slæmt að geta ekki farið með börn beint í innlauginna úr kvk-klefanum (þ.e. þurfa alltaf að labba út fyrs).

## Glímt við meirihlutann

Á fundi mannréttindas-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 12. mars 2020 var tillaga Flokks fólksins lögð fram um að láta fara fram sköðun á því hvort endurgerð á Sundhöll Reykjavíkur sé í samræmi við stefnu borgarinnar í jafnréttis- og aðgengis-ismálum.

Á fundi 14. maí var tillagan lögð fram að nýju og var samþykkt samhljóma að láta fara fram slíka sköðun. A sama fundi var umsögn mannréttindastjóra lögð fram eins og þá þegar vzeri hótið að gera þá sköðun sem verið var, á þessum fundi, að ákveða að gera.

Í umsögn mannréttindastjóra er birt eftirfarandi niðurstaða: „Fyrir breytingarnar nutu konur ekki sömu þjónustu og karlar í Sundhöll Reykjavíkur og fatlaðir ekki

sömu þjónustu og ófatlaðir. Aðstaða fyrir konur var lélegri en fyrir karla og líkamlega fatlað fólk átti þess ekki kost að fara í lauginna. Til að færa þetta til betra horfis þurfti endurbætur og í þær var ráðist samhlíða byggingu útsundlaugar. Það er ekki hægt að sjá annað en að Sundhöll Reykjavíkur uppfylli, eftir breytingar, mannréttindastefnu borgarinnar bæði með tilliti til kynslýðrættis og réttar fatlaðs fólks til þjónustu.“

## Lausnin liggur á þorðinu

Það er miður að við endurgerð þessa fallega friðlýsta húss hafi ekki verið sköðuð nægjanlega vel möguleikar og þarfr allra sundlaugar-gesta. Innlaug Sundhallarinnar er aðalsmerki Sundhallar Reykjavíkur fyrir sérkenni sín og einstaka kosti og margir sækja Sundhöllina vegna hennar. Vonbrigði eru með staðsetningu nýrra búningsklefa, þrengsl í sturtum kvenna og að sturtur eru of fáar. Svo virðist sem morgun þyki hin nýja aðstaða hláfu verri en sú eldri, sem vissulega var komin til ára sína. Konur vilja fá að koma aftur í sína gömlu búningsklefa þegar þeir verða opnaðir að nýju eftir endurgerð.

Það er afar mikilvægt að fyrir konur eins og karla sé innangengt úr klefum í innlaug til að þær, ungar, aldnar, fatlaðar og ófatlaðar, þurfi ekki að ganga utandyra á sundfötum til að komast í innlauginna.

Lausnin er einföld: Þjóða á kvenfólki að nota búningsklefa Sundhallarinnar í stað þess að þær verði einungis notaðir sem varaklefar þegar aðsókn er mikil. Það er ekkert sem hindrar það að konur fái aftur aðgang að klefanum. Þessi lausn hefur verið nefnd af sundgæstum og einnig heyrst meðal starfsmanna Sundhallarinnar.

Höfundur er borgarfulltrúi Flokks fólksins.



# Konum úthýst úr Sundhöll Reykjavíkur

Mh. 19.9.2019

Eftir Eddu Ólafsdóttur

„Karlar verða sendir í kvemmaklefaum í Sundhöll Reykjavíkur. Loka þurfti karla- klefa vegna viðhalds. Fastagestum brugð- ið.“ Þetta er fyrirsögn á grein sem birtist í Morgunblaðinu 18. apríl sl.



Edda Ólafsdóttir

„Við getum ekki hent þeim út, félögur- um.“ ... en „karlarnir fá að nota gamla kvemmaklefaum meðan á við- haldi stendur.“ segir forstöðumað- ur Sundhallarinnar í sömu grein. Ennfremur er tekið fram í grein- inni að ekki stæði til að hröflla á neinn hátt við klefunum sem eru mörgum kærir. Hvers vegna gátu karlarnir fengið kvemmaklefa? Voru þeir ekki ónothæfir vegna mikilla skemmda? Svo hefur kon- um verið sagt. En ekki þótti við hefði að vísa körlum, í nokkra daga, í útiklefa meðan á viðhaldi karlaclefa stóð. Sem var aðeins þrið. En ráðamönnum Sundhallar- þótti við hefði að „henda“ konum út úr Sundhöllinni svo orð forstöðu- manns sé notað. Ef orðið „félagar“ vísar til fastagesta karla þá eru konur einnig fastagestir í Sund- höllinni og klefarnir þeirra voru þeim líka kærir.

Þegar Sundhöllin var opnuð eftir lokun vegna byggingar útilaugar var árlegu viðhaldi karlaclefa lokið og þeir gengu að klefum sínum. En Sundhallarkonum var mjög brugðið þegar þeim var vísað út úr Sundhöllinni og í nýbyggingu, út- hýsi, sunnan við útilaugina. Þar

eru kvemmaklefar sem hvorki eru að neinu leyti sambærilegir við kvemmaklefa í Sund- höllinni, né standast þær kröfur sem gera má til búning- og baðklefa á nýjum sundstað. Var konum sagt að kvemmaklefar í Sundhöllinni hefðu skemmtst miklu við byggingu útilaugar og væru ónothæfir. Hluti

at þeim var eyðilagður vegna breytinga. Ekki nóg með að konum sé vísað út í nýbygg- inguna heldur verða þær að ganga þaðan-langa leið utandyra til að komast inn í Sundhöllina. Þetta fyrirkomulag var víðumand um tíma meðan á viðgerð kvemmaklefa stæði en sá tími er löngu liðinn. Engin viðleitni virðist hafa verið sýnd (svo greinariófundur viti) til að gera við þá og fjárskortri borið við. Karlarnir virðast njóta algörra forréttinda í Sundhöllinni.

Í grein sem birtist í Morgun- blaðinu 5. desember 2018 (Greinir á um ...) er sagt að samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar sé gert ráð fyrir að borgin skili af- gangi sem nemi um 3,6 milljörðum króna á næsta ári, þ.e. á árinu 2019 sem m.a. yrðu notaðir í mikla uppbyggingu innviða. Þessi góði árangur í rekstri borgarinnar er áréttáður í grein í Morgunblaðinu 8. maí sl. (Segir borgarstjórn ...). Þar eru m.a. talin upp metn- aðarfull verk borgarstjórnar – t.d. að áhersla hafi verið lögð á góða innviði, framúrskarandi þjónustu og fjárfest-hafi verið í fyrirtæki mannvirkjum. – Hafn fjárfskortur

» Það kemur úr hörðustu átt að borgaryfirvöld og ráðamenn Sundhallar skuli sýna konum sem sækja Sundhöllina misrétti sem jaðrar við kvenfyrirlitningu.

hindrað viðgerð á kvemmaklefum Sundhallarinnar ætti þeirri hind- un nú að vera rutt úr vegi, en af einhverjum ástæðum hafa ráða- menn hvorki metnað né vilja til verksins.

„Það má ekkert gera í þessu húsi. Það verður allt að vera eins og það hefur verið.“ segir for- stöðumaður Sundhallarinnar enn- fremur í fyrirnefndri grein sinni. En því miður er ekki allt eins og það var. Sundhöll Reykjavíkur er, eða var, fríhúð og er ein fárra bygginga sem Reykjavík getur státað af. Klassísk að utan sem inn- „höll“. Það er með ólíkindum að innviðum þessarar glæsilegu byg- ingar hafi að þarflausu verið breytt svo kalla má skemmdar- verk. Þeir sem stóðu að byggingu útilaugarinnar og breytingum á innviðum Sundhallarinnar hafa ekki borið virðingú fyrir verki Guðjóns Samúelssonar arkitekts, ekki borið skyndbragð á sérstöðu Sundhallarinnar sem sundstaðar, glæsileik hennar sem byggingar og gildi hennar sem menningarver- mætis. Sundhöll Reykjavíkur átti að varðveita í sinni upprunalegu

mynd. Hún er barn síns tíma og átti að fá að vera það, hún þer- vitni um stórhug og metnað þeirra sem reistu hana á erfðum tímum. Gæði hennar sem frábærs sund- staðar hefur ekki rénað. Hafn þótt nauðsynlegt að byggja útilaug á þessum líta, auka blett, sunnan við Sundhöllina hefði þurft að haga verki á annan hátt

Konur í borgar- skóla, íþrótta- og tónstundavísjöf, í þróttisíðofu sem skv. grein í Morgunblaðinu 7. maí sl. ber skylda til að sinna eft- irilti með framkvæmd jafnréttis- laga. Kvenréttindafélaginu sem skv. grein í Morgunblaðinu 7. febr- úar sl. fékk 10 milljónir til m.a. „að taka st. á við kynjakerfið“, og aðrir greslumenn jafnréttis kynja í borg- inni að sjá til þess að konur sem sækja Sundhöllina séu ekki sýnd- sú óvirðing að ætla þeim miklu verri aðstöðu heldur en körlum. Jafnrétti kynjanna felst ekki ein- göngu í því að konur fái til jafns við karla hæst launuðu embættin heldur á jafnrétti að ríkja á öllum sviðum, einnig í hversdagsleikan- um, í hmu laga sem hmu háa.

Það kemur úr hörðustu átt að borgaryfirvöld og ráðamenn Sund- hallar, en þeim er skylt að fram- fylgja jafnréttisögum, skuli sýna konum sem sækja Sundhöllina misrétti sem jaðrar við kvenfyr- irilitningu. Sú aðstæða sem Sund- hallarkonum er ætluð er algerlega óþæf. Gera þarf við kvemmaklefa- sem fyrst svo konur fái þá aðstöðu í Sundhöllinni sem þeim var frá- upphafið ætluð. Annað væri kyn- bundið misrétti og er ólétandi.

Höfundur er sundhallargestur í 82 ár. [eddaolaf31@gmail.com](mailto:eddaolaf31@gmail.com)

Stofnunin er í höllunni 13. jafnleiðing



# Enn um Sundhöllina

Mbl.

18.9.2020

Eftir Eddu Ólafsdóttur

28. maí sl. skrifar Kolbrún Baldursdóttir grein í Mbl. er hún nefnir „Kvenbúningsklefar Sundhallarinnar hönnunarmistök?“ Í greininni bendir hún á að Sundhallarkonur eru ekki allar ánægðar með þá aðstöðu (búningsklefa og það) sem þeim er ætluð í nýbyggingunni við Sundhöllina og finnst þeim að jafnréttis sé ekki gætt. Leitað var álits mannréttindastjóra um hvort breytingar á kvennaklefum í Sundhöllinni séu í samræmi við stefnu borgarinnar í jafnréttismálum og hvort kynjajafnrétti hafi verið virt.

Svar mannréttindastjóra er eftirfarandi:

„Fyrir breytingar nutu konur ekki sömu þjónustu og karlar í Sundhöll Reykjavíkur og fatlaðir ekki sömu þjónustu og ófatlaðir. Aðstaða fyrir konur var lélegri en fyrir karla og líkamlega fatlað fólk átti þess ekki kost að fara í Sundhöllina. Til að færa þetta til betra horfs þurfti endurbætur og í þær var ráðið samhliða byggingu útsundlaugar. Það er ekki hægt að sjá annað en að Sundhöll Reykjavíkur uppfylli, eftir breytingar, mannréttindastefnu borgarinnar bæði með tilliti til kynjajafnréttis og réttar fatlaðs fólks til þjónustu.“

Í svari sínu hefði mannréttindastjóri þurft að skilgreina betur eftirfarandi atriði. Hver er sú þjónusta sem karlar hafa notið í Sundhöllinni umfram konur? Að hvaða leyti var aðstaða fyrir konur lélegri en karla og er hún betri núna, og þá hvernig?

Hverjar eru hinar svokölluðu endurbætur? Það væri fróðlegt að fá svar við þessum spurningum.

Þegar rætt er um Sundhöllina verður að hafa í huga að hún tók til starfa árið 1937 og hafði þá verið í byggingu í nokkur ár og einnig að sundkunnátta var ekki eins almenn og nú á dögum. Lyftur voru ekki í húsnum á þeim tíma og stigar voru



Edda Ólafsdóttir

ekki hindrun gönguferu fólki.

Kolbrún setur spurningarmerki við hönnun á kvenbúningsklefum. Grein- arhöfundur vill einnig setja spurningarmerki við hönnun útilaugarsvæðis. Var kannad til hlítar hvort hanna mætti svæðið á annan hátt en gert var, án þess að valda skemmdum á Sundhöllinni, tekið tillit til allra sundlaugargesta, einnig kvenna sem kjósa Sundhöllina og ungra telpna sem fara í skólasund?

Sundhöllin stendur í halla, var athugaður sá möguleiki að hafa inn- gang í útilaug að austanverðu? Þá hefðu búningsklefar í nýbyggingu verið á jarðhæð og hvorki þurft stiga né lyftu til að komast í þá.

Kom aldrei til greina að hafa útilaugina aðskilda frá Sundhöllinni og nýbyggingu væri skipt jafnt milli kvenna og karla sem eingöngu ætluðu í útilaugina? Eflaust hefði verið hægt að hafa einhverja tengingu á milli útilaugar og Sundhallar.

Hefði ekki verið eðlilegra að hafa lyftuna í hinu geysistöra anddyri nýbyggingar í stað þess að hafa hana í anddyri Sundhallar? Það er frekar furdulegt að hafa lyftu í öðru húsi en því sem hún á að gagnast.

Hvers vegna var hluti af búningsklefum kvenna eyðilagður? Var það kannski liður í endurbótum á Sundhöllinni?

Var nauðsynlegt að setja klefa fyrir gæslumann útilaugar á svalir Sundhallar og taka þannig af Sundhallargestum lítið útivistarsvæði sem þar var?

Hvers vegna var baðklefinn í nýbyggingu hafður svona lítill þar sem stórt herbergi er fyrir framan hann? Í fyrstu sjö sturtur, tveimur bætt við en klefinn stækkaði ekki við það.

Var ekki gert ráð fyrir eftirlit- skonu í baðklefa?

Hafi hönnuður ekki séð aðra leið en þá sem farin var, var þá ekki hægt að hafa búningsklefana í eystri enda nýbyggingar, þá hefði

» Spurningar til ráðamanna Sundhallarinnar og mannréttindastjóra.

leiðin frá þeim inn í Sundhöll styst um u.þ.b. tvo þrjú.

Var svæðið sunnan Sundhallar í raun nægjanlega stórt fyrir útilaug og það sem henni fylgir? Ahersla hefur verið lögð á að útilaugarsvæði yrði sem glæsilegast á kostnað Sundhallar og kvenna.

Ekki er alltaf sólskin og sunnanvindur. Oftar er útsynnings- hraglandi eða norðanbeljandi og þá er leiðin frá kvennaklefum í nýbyggingu og inn í Sundhöll löng og köld fyrir konur, ungar sem aldnar, verandi í blautum sundbolum. Hvað finnst mannréttindastjóra um þá „þjónustu“? Örfá skref eru frá baði karla inn í Sundhöll og í laug.

Njóta konur og karlar jafnréttis í Sundhöllinni hvað varðar aðstöðu? Karlar í búningsklefum og rúmgóðum baðklefa inni í Sundhöll, konur í þröngum búningsklefa og þröngum baðklefa í útyggingu góðan spól frá Sundhöll. Er þetta jafnrétti að áliti mannréttindastjóra? Hann full- yrðir þó að mannréttindastefnu borgarinnar sé framfylgt með tilliti til kynjajafnréttis. Hann fullyrðir einnig í svari sínu, og varla fer mannréttindastjóri með fleipur, að konur hafi ekki notið sömu þjón- ustu og karlar fyrir breytingar í Sundhöllinni og aðstaða þeirra hafa verið lélegri en karla. Er þá ekki kominn tími til að áralangri mis- munun kynjanna linni? Ráðamenn Sundhallar geta sannað mannrétt- indastefnu borgarinnar og sýnt í verki að konur hafi sama rétt og karlar, einnig til sambærilegrar að- stöðu á sundstað. Þeir geta kveðið niður ásakanir um kynbundið mis- rétti og kvenfyrirlitningu með því að láta kynin skipta um búnings- klefa, þ.e. að konur fái karlaklefana inni í Sundhöllinni og karlar nýju kvennaklefana í nýbyggingu. Þá yrðu allir sáttir. Eða hvað?

Höfundur hefur verið sundhallar- gestur í meira en 80 ár.



# Karlar verða sendir í kvenna- klefann í Sundhöll Reykjavíkur

● Loka karlaklefa vegna viðhalds ● Fastagestum brugðið

Höskuldur Daði Magnússon  
hdm@mbl.is

„Við getum ekki hent þeim út, félög-  
unum,“ segir Sigurður Víðisson, for-  
stöðumaður Sundhallar Reykjaví-  
kur.

Fastagestir í lauginni supu marg-  
ir hveljur í þyrjun vikunnar þegar  
tilkynnt var að karlaklefinn yrði lok-  
aður vegna viðhalds í næstu viku.  
Töldu laugargestir að karlarnir  
yrðu að sitja heima meðan konurnar  
hefðu lauginna út af fyrir sig. Svo  
verður þó ekki, að sögn Sigurðar.

„Það var hengdur upp miði og  
þetta var eitthvað illa orðað þar. Eg  
fór í málið og þetta er vonandi að-  
eins skiljanlegra núna. Karlarnir fá



Morgunblaðið/Gísli Sigurðsson

**Sundhöll Reykjavíkur Hressa þarf  
upp á gamla góða karlaklefan.**

að nota gamla kvennaklefan með-  
an á viðhaldi stendur,“ segir Sig-  
urður.

Umrætt viðhald felst að sögn Sig-  
urðar aðeins í þrifum sem ekki er  
hægt að framkvæma meðan klef-  
arnir eru í notkun. Munu þrífir  
standa yfir á mánudag og þriðjudag.  
Ekki stendur til að breyta eða hrofla  
á neinn hátt við klefunum sem eru  
mörgum karir. „Það má enda ekk-  
ert gera í þessu húsi. Það verður allt  
að vera eins og það hefur verið.“

Ekki er þó allt eins og verið hefur  
í Sundhöllinni um þessar mundir því  
stóra stökkbrettið hefur verið lokað  
um hrið vegna viðgerða. „Það var  
ónýtt undirstaðan á því og þurfti að  
endurhanna brettið. Við erum alltaf  
að ýta á að verkið klárast enda rýrir  
þetta gæðin hér,“ segir forstöðu-  
maðurinn.

13.4. 2019

## Framkvæmdir við klefann í bígerð

● Lagfæringar hefjast á næsta ári

Rósa Margrét Tryggvadóttir  
rosa@mbl.is


20.9.2019

Framkvæmdir við gamla kvenna-  
klefan í Sundhöll Reykjavíkur eru  
í undirbúningi að sögn Agnar  
Guðlaugssonar, deildarstjóra  
byggingardeildar Reykjavík-  
borgar, en konur hafa þurft að  
nota nýjan og tímabundinn  
kvennaklefa frá því nýbygging  
Sundhallarinnar var opnuð 3. des-  
ember 2017.

Agnar segir að verið sé að  
undirbúa þögnun nýrra flisa í  
kvennaklefan og að hönnun hans  
sé langt komin. Býst hann við að  
framkvæmdir hefjist að fullu á  
næsta ári.

Karlaklefinn hefur þegar verið  
lagferður og er í notkun en fram-  
kvæmdum við hann lauk í vor.  
Agnar segir að leki í gólf karla-  
klefans sem er staðsettur beint  
fyrir ofan gamla kvennaklefan, sé  
ásteðjan fyrir því að karlaklefan  
var klárður fyrir. Segir hann að  
naðsýnlegt hafi verið að lagfæra  
gólf í karlaklefanum áður en far-  
ið var í að lagfæra kvennaklefan.  
Þurfa að ganga utandyra

Nokkurra óánægju hefur gætt  
meðal kvenna sem hafa þurft að  
nota nýjan, tímabundinn kvenna-  
klefa í nýbyggingu Sundhall-  
arinnar sunnan við útilaugna á  
meðan gamli klefan hefur verið  
ónóthæfur. Í grein eftir Eddu  
Ólafsdóttur sem birgist í Morgun-  
blaðinu í gær, segir hún nýju  
kvennaklefan hvorki samþærliga  
við gömlu kvennaklefan né stand-



Morgunblaðið/Hafi

**Sundhöllin Nýr kvennaklefi hefur  
verið í notkun frá arslökum 2017.**

ist þær kröfur sem gera megi til  
búningis- og þaðklefa á nýjum  
sundstað. Lýsir Edda þar yfir  
óánægju sinni yfir að þurfa að  
gangna nokkurn spól utandyra,  
þvert yfir útilaugasvæði Sundhall-  
arinnar til að komast í gömlu inn-  
lauginna.

Ekki er boðið upp á einkaklefa í  
nýju kvennaklefanum en slíkar  
einkaklefar voru eitt af sérkennum  
gamla kvennaklefans. Sigurður  
Víðisson, forstöðumaður Sundhall-  
arinnar, staðfestir við Morgun-  
blaðið að margar konur sakni  
þeirra. Hann segir þó víta til þess  
að skiptar skothar séu á því  
hverning fólki líkri breytingin og að  
mögum þyki ný kvennaklefan  
jafnvel betri en sú gamla. Þó séu  
margar sem vilji fá „gömlu Sund-  
höllina sína“ aftur og eru ósáttir  
við aðstöðuna og þá segist Sig-  
urður skilja vel.